



8. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

1. til 4. nóvember 2022

7-4.1 ÁLYKTUN JAFNRÉTTISNEFNDAR UM KYNJAÐA ORÐRÆÐU

Jafnréttisnefnd KÍ ályktar að nýju um endurskoðun kynjaðrar orðræðu í máli og málflutningi allra er starfa á vegum Kennarasambands Íslands og aðildarfélaga.

Með „kynjaðri orðræðu“ er t.d. átt við titla og heiti sem gefa í skyn eitt kyn og gildi þess umfram önnur. Sem dæmi má nefna að „varamaður“ gæti verið „varafulltrúi“ og „stjórnarmaður“ gæti verið „stjórnarmeðlimur“ eða fulltrúi í stjórn. Enn fremur ætti að huga að því að breyta titlinum formaður í forseta.

Í 6. gr. laga um kynrænt sjálfræði¹ ber opinberum aðilum og einkaaðilum sem skrásetja kyn að gera ráð fyrir hlutlausri skráningu kyns, t.d. á skilríkjum, eyðublöðum og í gagnasöfnum, og skal skráningin táknuð á óbyggjandi hátt. Gera þarf því ráð fyrir hlutlausri kynskráningu félagsfólks í félagatali og kynjabókhalda KÍ. Mælst er til þess að nafnorðið kvár og persónufornafnið hán verði notað þegar talað er um einstakling sem skilgreinir sig utan kynjatvíhyggjunnar. Einnig er vert að benda á að æskilegt er að nota persónufornafnið þau þegar vísað er til nemenda eða kennara í ræðu og riti.

FRAMKVÆMD

Orðræðan nær ekki útbreiðslu nema grasrótin taki þátt. Jafnréttisnefnd telur að fara þurfi fram fræðsla á vegum nefndarinnar meðal allra þeirra sem starfa innan vébanda KÍ. Boða þarf til fræðslu meðal starfsfólks KÍ, í stjórn KÍ, meðal stjórnarfólks aðildarfélaga og allra þeirra sem sitja í nefndum og ráðum KÍ. Fræðslan yrði í höndum einhvers úr jafnréttisnefnd með aðstoð starfskonu hennar. Enn fremur hefur jafnréttisnefnd í hyggju að kveða sér hljóðs á miðlum KÍ og boða orðræðubreytingar.

Jafnréttisnefnd áréttar að þetta er í annað sinn sem ályktað er um karllæga orðræðu innan KÍ en viðtökurnar fyrir fjórum árum voru heldur fálegar. Jafnréttisnefnd hvarmar að stjórn KÍ hafi ekki fylgt ályktun síðasta þings eftir og vonar að ný stjórn geri betur.

¹ Lög um kynrænt sjálfræði sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019080.html>